



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Hólum í Hjaltadal 24. júlí 2021

Ágæta samverkafólk.

Ekki átti ég von á því að þurfa að senda ykkur fleiri bréf um samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs. En því miður hafa yfirvöld tilkynnt að herða þurfi sóttvarnaáðgerðir vegna fjölgunar smita vegna kórónuveirunnar. Upplýsingar um reglugerð ráðherra og minnisblað sóttvarnarlæknis eru aðgengilegar hér: www.hrn.is.

Nýjar reglur taka gildi á miðnætti í kvöld, og gilda til 13. ágúst n.k. Allar takmarkanir ná til landsins alls og almenna reglan um fjöldatakörkun er **200 manns**. **Grímuskylda** er innandyra þar sem ekki er unnt að tryggja **1 metra nálægðarmörk** milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum. **Skráning þátttakenda** á allar athafnir og viðburði er aftur sett á dagskrá, þar sem skrá þarf **nafn, kennitölu og símanúmer**. Skráningarblöðin skal varðveita í tvær vikur og afhenda sóttvarnarlækni, sé eftir því leitað, en farga að þeim tíma liðnum. Ákvæði um fjöldatakörkun og nálægðartakörkun taka ekki til barna sem fædd eru 2016 og síðar. Grímuskylda á ekki við börn sem fædd eru 2006 og síðar. Á meðan þessar reglur eru í gildi skulu engar altarisgöngur fara fram, þar sem við þær er ekki hægt að tryggja 1 metra nálægðarmörk.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.

Ég þakka ykkur öllum fyrir ykkar dyggu og dýrmætu þjónustu og hvet ykkur enn til dáða í þessum verkefnum, sem við vorum nú öll farin að vona að færu að klárast.

Herrans dýrð mætir okkur víða þessa fallegu og sólríku sumardaga, í það minnsta hér fyrir norðan. Séra Matthías orðar það vel í einum sálmi sínum og segir:

*Nú opna blómstrin augun þýðu,
nú ilmar þeirra konungsskart,
þau drekka Herrans dýrðarblíðu
með daggartár af gleði bjart,
og hrósa þögul Herrans dýrð
með hugsun, sem ei verður skýrð.
(sálmur 481:2)*

Guð blessi ykkur í þjónustu og einkalífi,



Solveig Lára Guðmundsdóttir,
starfandi biskup Íslands.